



Bergþóra Valsdóttir
Framkvæmdastjóri SAMFOK

Nemendur í 10. bekk grunnskólans eru að ljúka síðasta samræmda prófinu í dag. Ég mæli með að foreldrar þeirra verji deginum og kvöldinu með börnum sínum eða hvetji þau til að taka þátt í skipulögðum ferðum sem farnar eru í flestum skólum í Reykjavík. Mikilvægt er að hafa í huga að 16 ára unglingar eru ekki fullorðin fólk því þurfa þeir á nærveru og stuðningi foreldra sinna að halda.

Rannsóknarstofa í kvennafræðum:

Karlmanna-ritið Njálu

KVENNAFRÆÐI Ármann Jakobsson bókmenntafræðingur ætlar að flytja nú í hádeginu erindi þar sem hann veltir því fyrir sér hvort Njálu sé fyrst og fremst „karlmannarit“.

Á síðasta ári birtist eftir Ármann grein í Skírni um Njálu þar sem hann skoðaði bókina út frá hugmyndum um kynferði. Hann hélt því meðal annars fram að hugmyndir sem þar birtust um kynferði væru alls ekki fíndarlegar né heldur væri þar á ferðinni kvenhatur. Þvert á móti megi greina í Njálu róttæka afbyggingu á ýmsum hugmyndum um kynferði.

Í erindinu, sem flutt verður kl. 12 í stofu 101 í Odda, mun Ármann fjalla um Skírnisgrein sína, viðtökur hennar og um það sem hann lét ósagt í greininni.

Sérstaklega ætlar hann að koma inn á þann hluta greinarinnar sem mest viðbrögð hefur fengið, þ.e. vintáttu Gunnars og Njálu og hvernig beri að túlka viðbrögð annarra í sögunni við henni. ■



Málþing Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands: Litningagallar á fósturstigi

MÁLÞING Klukkan fjögur nú síðdegis hefst málþing Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands um nýjar aðferðir við greiningu litningagalla á fósturstigi.

Um allan dag hafa komið upp legvatnsástungu á meðgöngu til að greina litningagalla fósturs, einkum Downs heilkenni. Legvatnsástungan sem slík getur hins vegar valdið fósturláti og því eru margir verðandi foreldrar hikandi að taka slíka áhættu. Á síðustu árum hefur verið þróuð ný tækni, svo kölluð hnakkabykkarmæling og ætlar Hildur Harðardóttir, læknir á Kvinnadeild Landspítalans, að skýra frá þessari nýju aðferð í sínum fyrirlestri.

Sigurður Kristinnsson, lektor við Háskólann á Akureyri, mun hins vegar velja fyrir sér siðferðilegum spurningum sem greining erfðagalla á fósturstigi vekja, og velja fyrir sér hvort ávinningurinn sem af henni hljóttist sé meiri en sú áhætta sem greiningunni fylgir.

Að lokinni framsögu verða umræður sem Vilhjálmur Arnason heimspekingur við Háskóla Íslands stýrir.

Málþingið verður haldið í stofu 101 í Lögbergi og er öllum opið. ■



FRÁ ÆFINGU SINFÓNIAHLJÓMSVEITARINNAR
Tsuyoshi Tsutsumi sellóleikari og Adele Anthony fiðluleikari ásamt stjórnanda hljómveitarinnar, Rolf Gupta.

FIMMTUDAGURINN 26. APRÍL

FUNDIR

10.00 mun **Bragi Lindal Ólafsson** flytja erindið *Prótín í mjólk* í fundarsal RALA á Keldnaholti 3. hæð.

12.00 flytur **Ármann Jakobsson** bókmenntafræðingur erindið *Karlmanna-ritið Njálu í Rabbi Rannsóknastofu í kvennafræðum*. Rabb Rannsóknastofu í kvennafræðum er haldið í stofu 101 í Odda. Allir velkomnir.

12.30 verður haldinn fræðslufundur á bókasafni Keldna en þar flytur **Sigríður Björnsdóttir**, dýralæknir á Hólum, erindi er hún nefnir: *Spatt í íslenskum hrossum*.

14.00 Frjáls ljóðalestur verður í **Gjábakka**, félagsstarfi Kópavogs, í dag. Allir sem vilja geta tekið þátt og er nóg að hringja í Gjábakka til að vera með og er þetta góð æfing fyrir fólk að koma fram. Við upphaf dagskrárinnar mun **Sigrún Egilsdóttir**, sellónemandi í Nýja tónlistarskólanum, koma fram.

16.00 **Siðfræðistofnun** stendur fyrir málþingi um nýjar aðferðir við greiningu litningagalla á fósturstigi, í dag. Á málþinginu heldur **Hildur Harðardóttir**, læknir á Kvinnadeild Landspítalans, erindi um nýjar aðferðir í fósturgreiningu og **Sigurður Kristinnsson**, lektor við Háskólann á Akureyri, heldur erindi sem hann nefnir *Skimun og skaðleysi*.

16.15 **Margrét Oddsdóttir**, dósent í skurðlækningum, flytur erindi í **málstofu læknaeildar Háskóla Íslands**. Erindið nefnist: *Aðgerðir við vélinda bakflæði á Landspítalanum 1994-2000*. Málstofan fer fram í sal Krabbameinsfélags Íslands efstu hæð.

16.15 heldur **Amos Carmeli** frá Wiesenthal stofnuninni í Ísrael kynningarfyrirlestur í stofu M 301 í Kennaraháskóla Íslands um alþjólegt mentorverkefni sem er upprunnið í Ísrael en hefur breiðst út til margra landa. Mentorverkefnið er samstarfsverkefni háskóla og grunnskóla og felst í því að háskólanemar taka að sér mentor (eða leiðbeiningarstarf) með grunnskólabörnum á aldrinum 6-12 ára.

20.00 **Listasafn Reykjavíkur og Listaháskóli Íslands** standa sameigin-

Óperu- og Vínar-tónleikar

SÖNGSVEIT Hafnarfjarðar er nýstofnaður kór, tæplega fimmtíu manna hópur karla og kvenna sem ætlar að halda veglega óperu- og Vínartónleika í kvöld og annað kvöld.

Stjórnandi kórsins og stofnandi er Elín Ósk Óskarsdóttir óperusöngkona. „Þetta hefur verið draumur minn mjög lengi að stofna svona kór,“ segir hún. „Þetta er barnið mitt og ég er mjög spennit að sjá það fæðast.“

Söngsveitin var stofnuð í september síðastliðnum og þetta eru því fyrstu tónleikar hennar. Stefna kórsins er að syngja eingöngu óperu- og óperettutónlist en láta til að mynda íslensku sönglögina alveg eiga sig.

„Þetta er kröftugur hópur sem gefur sig alveg mér á vald,“ segir Elín Ósk. „Þetta eru bæði lærdir söngvarar og áhugafólk með reynslu af kórstarfi, en það er inntökuþróf til að komast inn í hópinn.“

Söngsveitin er markvisst byggð upp sem óperukór og verður því annar óperukórinn sem starfar hér á landi, og óhætt er að segja að stefnan sé sett hátt. Söngfélagar kórsins

lega að dagskrá í tengslum við málverkasýningu Odd Nerdrum að Kjarvalsstöðum.

LEIKLIST

20.00 Leikritið **Fífl í hófi** er sýnt í íslensku óperunni eftir Francis Veber. Vínahópur Pierre heldur kvöldverðarboð reglulega, þar sem hver meðlimur hópsins býður með sér aðila sem hann telur vera sem „fíflalegastan“.

20.00 **Þjóðleikhúsið. Smíðaverkstæðið.** Með fulla vasa af grjóti eftir Marie Jones. Gamanleikrit um tvo írská náunga sem taka að sér að leika í alþjóðlegri stórmynd.

20.00 **Borgarleikhúsið. Öndvegiskonur** í eldhúsi Ernu sitja Erna og Gréta og Mæja. Þær reyna að láta sér líða vel, þó líf þeirra virðist fremur gleðisnautt, fjarvindrast yfir örlögum sínum og óhamingjunni sem fylgir því að eiga börn er virða ekki vilja mæðranna.

Rómatíski tíðarandinn beislaður

TÓNLEIKAR Von er á góðum gestum á rauðu áskriftartónleikana í kvöld: Sellóleikaranum Tsuyoshi Tsutsumi og fiðluleikaranum Adele Anthony. Tsutsumi er einn þekktasti sellóleikari heims og stjarna Adele Anthony fer ódum rísandi í tónlistarheiminum.

Hún bar sigur úr býtum í alþjólegu Carl Nielsen fiðlusamkeppninni árið 1996 og sömu sögu er að segja af fleiri keppnum þar sem hún hefur verið þátttakandi. Tsutsumi vann sögufrægan sigur í upphafi ferils síns í Casals-keppninni í Budapest

1963 og líftu fjölmiðlar því við annaðan sigur Davids Oistrakhs í Brussel 1930.

Öll efnisskrá tónleikanna kemur úr smíðu Jóhannesar Brahms: Tilbrigði við stef eftir Haydn, Konsert fyrir fiðlu, selló og hljómsveit og 1. símfónían.

Hljómsveitarstjóri er Rolf Gupta en hann hleypur í skarðið fyrir Rico Saccani sem ekki á heimgengt sakir veikinda. Gupta hefur unnið með flestum stærri hljómsveitum á Norðurlöndunum, og einnig okkar ágæta Caput-hóp. ■



mæta til tónleikanna klæddir í viðhafnarföt, konur í galakjólum og karlar í kjól og hvítt. Veitt verður kampavín í hléinu.

Sex einsöngvarar koma fram á tónleikunum og pianóleikari er hinn snjalli Peter Maté. „Hann er æðislegur,“ segir Elín Ósk. „Hann spilar eins og heil hljómsveit.“ Einsöngvararnir

eru þau Þorgeir J. Andrésson, Kjartan Ólafsson, Steinarr Magnússon, Hanna Björk Guðjónsdóttir, Greta Jónsdóttir og svo stjórnandinn Elín Ósk Óskarsdóttir. Auk þess leika tveir slagverksleikarar með söngsveitinni, þeir Smári Eiríksson og Heimir Þór Kjartansson.

„Kjartan er maðurinn minn og



28. apríl 14.00 og 17.00. Boðið verður upp á blöndu af gossPELLÖGUM. Einsöngvari með kórnum er **Páll Rósin-kranz**. Miðinn kostar 1.600 kr.

20.30 **Karalórinn Þrestir** lýkur bráðlega 89. starfsári sínu og heldur tónleika í kvöld í **Viðistaðakirkju** og einnig á sama stað 28. apríl kl. 16. Stjórnandi er **Jón Kristinn Cortez**. Á söngskránni kennir ýmissa grasa.

MYNDLIST

Karin Sander sýnir um þessar mundir í **gallerí i8**, Klapparstíg 35, þrívíddamyndir sem eru eftirmyndir unnar af fólk með nýjustu tölvutækni og allar í hlutfallinu einn á móti tíu af réttu líkamssærð viðkomandi en fyrirmyndir eru vinnur og vandamenn listamannsins. Sýningin stendur til 29. apríl.

Dagskrá um norska listamanninn Odd Nerdrum:

Listamaðurinn ræðir við Edvard Munch

LISTASAFN Reykjavíkur og Listaháskóli Íslands standa sameiginlega að dagskrá í tengslum við málverkasýningu Odd Nerdrum að Kjarvalsstöðum í kvöld klukkan átta.

Dagskráin hefst með leikþættinum *Listveldið* eftir Odd Nerdrum sem er samtal Nerdrums við samlanda sinn Edvard Munch þar sem þeir takast á um stöðu listarinnar almennt og eðli og stöðu eigin listar. Leikþátturinn var frumfluttur við opnun sýningarinnar laugardaginn 7. apríl en er nú fluttur öðru sinni. Leikarar eru Arnar Jónsson og Sigurður

Karlsson en leikstjóri er Hávar Sigurjónsson.

Að loknum leikþættinum verður gert stutt hlé og gefst þá gestum kostur á að ganga um sýninguna en að því loknu hefst fyrirlestur Jan Áke Pettersson um list Odd Nerdrum. Jan Áke er forstöðumaður Haugar-Vestfold listasafnsins í Tönsberg, Noregi en hann er vel heima í listsköpun Odd Nerdrum og hefur meðal annars skrifað bækur um listamanninn.

Aðgangseyrir er kr. 400, en frítt er fyrir nemendur Listaháskólans. ■



FRÁ OPNUN SÝNINGAR ODDS NERDRUMS

Hvort þeir Hrafn Gunnlaugsson eru að spjalla um stöðu listarinnar skal ósagt látið, en Nerdrum ræðir þau mál í samtali sínu við Edvard Munch.